

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

18. fundur Stjórnar B.S. bs. haldinn mánudaginn 13. mars 2017

kl. 8:15 í fundarsal BS Hringbraut 125. 230 Reykjanesbæ

Mættir eru: Friðjón Einarsson, Birgir Örn Ólafsson, Gísli Heiðarsson, Sigrún Árnadóttir, Jóhann S. Sigurbergsson, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri, Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri.

Fundargerð.

Formaður setur fundinn.

Mál:

1. Ný slökkvistöð.
 - Farið yfir kostnaðaráætlun vegna byggingar nýrrar slökkvistöðvar og rætt mögulega framkvæmd á alútboði í byggingu slökkvistöðvarinnar.
 - Stjórn BS bs. samþykkir **samhljóða** að farið verði í alútboð og felur slökkviliðsstjóra og stjórnarformanni að auglýsa eftir tilboði í byggingu slökkvistöðvarinnar.
2. Drög að ársreikningi 2016.
 - Drög að ársreikningi BS bs. fyrir árið 2016 lagður fram til kynningar.
3. Skýrsla slökkviliðsstjóra.
 - Jón segir frá framkvæmdum á varðstofu sem er núna lokið og tókst mjög vel.
 - Jón segir frá brunaútkalli í Reykjanesbæ í síðustu viku þar sem kom bersýnilega í ljós hvað fjölgun á vöktum hefur mikil áhrif.
 - Jón sýnir stjórn línurit yfir sjúkraflutninga í byrjun ársins en fyrstu tveir mánuðir ársins fóru yfir meðaltal síðasta árs en það ár var metár.
 - Ársfundur Slökkviliðsstjórafélagsins verður haldinn á Park Inn hóteli í RNB, 31.mars – 2. Apríl og er hann í boði BS bs.
4. Önnur mál.
 - Lagt til að næsti stjórnarfundur verði 10. Apríl.
 - Ársfundur verður haldinn 11. maí, kl. 17:00 í fundarsal BS bs. í slökkvistöðinni í Sandgerði.

Fundi slitið kl. 09:40